

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir kvikmynda- og hljómleikahúsið Bíóhöllina á Akranesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. júní 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir kvikmynda- og hljómleikahúsið Bíóhöllina á Akranesi.

Með bréfi dags. 26. september 1943 gáfu hjónin Haraldur Böðvarðsson og Ingunn Sveinsdóttir Akraneskaupstað kvikmynda- og hljómleikahúsið Bíóhöllina með gangstéttum umhverfis tilheyrandi lóð, 770 fermetrum að stærð, ásamt sýningarvélum og öllum útbúnaði innanhúss, eins og þetta var í byrjun októbermánaðar 1942, skuldlaust.

Tilgangur þeirra með gjöf þessari var samkvæmt gjafabréfinu að styðja mannúðar- og menningarmál innan Akraneskaupstaðar og skyldi öllum arði af rekstri Bíóhallarinnar varið í því skyni, svo sem nánar var mælt fyrir um í 6. gr. skipulagsskrár, sem dagsett var 5. júní 1945 og staðfest var af forseta Íslands og birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 128/1945.

Með bréfi Haraldar Sturlaugssonar, f. h. afkomenda gefenda, dags. 17. nóvember 1981 og yfirlýsingu afkomenda og erfingja gefenda, dags. 10. febrúar 1984, var sá vilji látinn í ljós, að unnið yrði að því í samráði við bæjarstjórn Akraneskaupstaðar að gera nýja skipulagsskrá, sem ekki kvæði á um, að afkomendur gefenda skipuðu stjórn Bíóhallarinnar. Er því hér með gerð svohljóðandi skipulagsskrá fyrir kvikmynda- og hljómleikahúsið Bíóhöllina á Akranesi:

1. gr.

Stjórn Bíóhallarinnar skipa fimm menn og skulu þeir kosnir af bæjarstjórn Akraness að afloknum bæjarstjórnarkosningum.

Stjórn Bíóhallarinnar kys sér formann og ritara úr sínum hópi. Formaður kveður til stjórnarfunda, þegar honum þykir ástæða til. Á fundum ræður afl atkvæða.

2. gr.

Stjórn Bíóhallarinnar stjórnar rekstri hennar. Hún ræður framkvæmdastjóra og segir honum upp starfi, ef því yrði að skipta. Stjórnin ræður ein öllum málefnum Bíóhallarinnar innan þeirra takmarka, sem sett eru í skipulagsskrá þessari.

Ef hún telur brýna nauðsyn bera til, er henni heimilt að selja Bíóhöllina eða veðsetja hana, en þó aðeins að fengnu samþykki bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar. Nú kann svo að fara, að Bíóhöllin verði seld og skal þá, ef unnt er, fá í staðinn og starfrækja annað hús hagkvæmara í sama tilgangi og Bíóhöllin er starfrækt. Sé það ekki unnt, skal verja söluandvirðinu til mannúðar- og menningarmála á Akranesi skv. því, sem segir í 4. gr., t. d. með því að stofna sjóð í þessu skyni.

3. gr.

Reikningsár Bíóhallarinnar er almanaksárið. Skal stjórnin hafa lokið við reikninga hvers árs fyrir lok janúarmánaðar næsta ár og afhenda þá til endurskoðunar.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar kys tvo endurskoðendur reikninga Bíóhallarinnar. Bíóhöllin greiðir ekki útsvar né sætagjald, eða neina aðra skatta til bæjarsjóðs, sbr. gjafabréf stofnenda og svarbréf bæjarstjórnarinnar á Akranesi, dags. 29. september 1943.

4. gr.

Tekjuafgangi af rekstri Bíóhallarinnar skal, að frádregnum viðhalds- og umbótakostnaði, verja til þess að styðja byggingu dvalarheimila aldraðra, barnaheimila, sjúkrahúsa og sjúkrastöðva fyrir áfengissjúklinga fyrir kaupstaðinn og til kaupa á hjúkrunar- og lækningatækjum og öðrum útbúnaði til stofnana þessara, svo og til styrktar rekstri þeirra, þegar þau eru komin á fót.

5. gr.

Sjóð þann, sem fyrir hendi er á hverjum tíma, skal stjórnin geyma og ávaxta á sem tryggilegastan hátt og þannig, að til hans megi grípa með litlum fyrirvara til styrktar þeim málefnum, sem um ræðir í 4. gr. Skal meginhluti sjóðsins að jafnaði geymdur í banka eða öðrum sparisjóði, en heimilt er stjórninni að ávaxta þann hluta hans, sem ekki er líklegt að grípa þurfi til í náinni framtíð, með kaupum á tryggðum opinberum verðbréfum. Hins vegar er óheimilt að veita einstaklingum eða félögum lán úr sjóðnum.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og er skipulagsskrá nr. 128 frá 5. júní 1945 þar með úr gildi fallin.